

Hrói Höttur eða Makki hnífur

Nú dynja daglegar verðhækkanir á alþýðu manna. Allar lífsnaðsynjar þjóta upp í prisum. Í gær varð ég vitni að því í kjörbúð í miðborginni, að kona ein varð að tina upp úr poka sínum mjólkurfernu og heilheitibrauð og biðja afgreiðslustúlkuna að reikna á nýjan leik. Hana vantaði talsvert á vörukaupin. Það er ekkert léttbærara að verða fyrir slíku þótt í ríkisstjórn sitji menn sem léku Hróa hött, Litla-Jón og munkinn í síðustu kosningum.

Við anum því ekki betur ef þeir reynast þegar allt kemur til alls vera Breddubeitir, Svartí Donald og Makki hnífur. Formaður BSRB sagði okkur er hann lagði til að við gæfum eftir umsamda kauphækkun, að við fengjum alla kjaraskerðinguna bættu á einu bretti, bara ef við vildum gera hitt fyrir ríkisstjórnina. Bæjarstafsmenn á Húsavík, Sauðárkróki og Neskaupstað urðu við tilmælum forystumanna BSRB og ríkisstjórnarinnar.

Nú ætti forysta BSRB að láta reyna á hreytti sína. Biðja bæjarstafsmenn á fyrrgreindum stöðum að notfæra sér þann verkfallisrétt er þeir öðluðust með því að gjalda jákvæði við samningi Kristjáns og Tómasar. Neita að taka við útsvari líffræðingsins og annarra, sem eru svo viðkvæmir fyrir lífríki austan Óðáðahrauns, en bregða hnífnum á brauðhleif alþýðuheimilanna og skerða mjólkurdeilitilinn.

Það trúir ekki nokkur maður þuglinu um baráttu gegn verðbólgunni. Verðbólgan er komin með minnst þrjá hringi á undan ráðamönnum. Eða eins og hjá Hamburger Sportverein og Val 3 gegn 0.

Látum nú reyna á samtakamátt bæjarstafsmanna og snilli forystumanna BSRB.

Nú þurfum við skeyti frá Neskaupstað.

Pétur Pétursson þulur



„Þar eldar aldrei slokkna“

Meðfylgjandi mynd var tekin þegar Ásgerður Búadóttir afhenti listaverk sitt „Þar aldrei eldar slokkna“ forstjóra Norrænu menningarmálastofnunarinnar í Kaupmannahöfn, Klas Olofsson. Listaverkið er unnið á vegum Menningarsjóðs Norðurlanda til skreytingar á fundarsal menningarmálastofnunarinnar í Kaupmannahöfn.

Í tengslum við opnun annarrar norrænu listvefnaðarsýningarinnar, sem Menningarmálasjóður Norðurlanda hefur styrkt, var íslenskur listvefnaður kynntur fyrir dönskum fréttamönnum. Ásgerður Búadóttir sýnir einnig nokkur verk á vefnaðarsýningunni.

Nóg að gera á Akranesi

Akranesi 21. september.

Í fyrradag, gær og í dag komu Akranestogararnir í höfn hver á eftir öðrum með afla sem hér segir: Óskar Magnússon 60 lestin af þorski, Haraldur Böðvarsson með 100 lestin af karfa, Krossvíkin með 120 lestin af karfa. Víkingur AK 100 er á leiðinni með fullfermi af loðnu frá Kolbeinseyjarsvæðinu.

— Júlíus.

Athugasemd frá Veru Roth

Ég undirrituð vil taka fram, vegna fréttar í Morgunblaðinu þann 21. sept. þar sem Bjarki Eliasson yfirlögregluþjónn segir mig hafa blóðgast af völdum nagla á priki því sem ég var með, að hvorki var nagli né þorskhaus á priki þessu.

Atvik voru þau að þegar lögreglumenn tóku að beita kylfunum, höfðaði ég ásamt fjóldanum, drulluhrædd við þvílíkar aðfarir. Þegar svo einn þessara ungu lögregluþjóna þrífur í prikið og reynir að slíta það af mér, þá rígheld ég í það í þeirri góðu trú að ég hafi þó þann rétt að halda mínu priki. Reiðir manngarmurinn þá kylfuna til höggs og lætur ríða á höndunum á mér, uns ég missti takid, og hefur rétt þá sprungið fyrir í lófanum svo sauma þurfti sex spor.

Ekki get ég ímyndað mér hvað Bjarki þykist hafa fyrir sér í þessu máli og þó svo ég hafi reynst óbrotin (þökk sé guði) þá er ekki þar með sagt að ég sé óbarin. Þegar ég kom á Borgarspítalann, var ég mikið marinn á vinstri framhandlegg svo og marinn og bólgin á hægri þumalfingeri og úlnlið. Enda hef ég ekki vitað til þess að fólk væri sent í röntgenmyndatöku að ástæðulausu.

Fyrir myndatökuna þurfti ég að borga kr. 4000 og kr. 2000 fyrir aðgerðina. Finnst mér helvíti hart að þurfa að borga fyrir að vera barin.

Virðingarfyllst,
Vera Roth.



Bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar:

Skorar á Alþingi að leiðrétta strax misvægi atkvæðaréttarins

Leggur til að Reykjaneskjördæmi verði skipt í tvö eða fleiri kjördæmi

„Bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar ályktar að skora á háttvirt Alþingi að leiðrétta í tæka tíð, fyrir næstu alþingiskosningar, þann hróplega mun, sem nú er á vægi atkvæða eftir því í hvaða kjördæmi landsins kjósandi býr.

Bæjarstjórn telur, að sem liður í þeirri leiðréttingu hljóti að vera skipting Reykjaneskjördæmis í tvö eða fleiri kjördæmi.“

Þannig hljóðar ályktun sem bæjarstjórn Seltjarnarness samþykkti einróma á fundi sínum fyrir skömmu, að frumkvæði sjálfstæðismanna í bæjarstjórninni.

Í greinargerð með ályktuninni segir svo: „Vart þarf mikinn rökstuðning með þessari ályktun.

Atkvæðarétturinn er grundvallarmannréttindi og nú er svo komið


að íbúar Reykjaneskjördæmis og Reykjavíkur hafa allt að sexfalt minni vægi atkvæða, en íbúar sumra annarra landshluta. Í þjóðfélagi lýðræðis verður ekki unað við slíkt lengur. Hin nýskipaða

stjórnarskrárnefnd Alþingis verður því að láta mál þetta hafa algjöran forgang, því lýðræðinu í landinu stafar hætta af óbreyttu ástandi. Þingmenn allra flokka í Reykjaneskjördæmi hafa margt á undanförunum árum bent á leiðir til úrlausnar og nú er svo komið, að ákvarðanataka þolir ei lengur neina bið.

Haraldur kaupmaður í Bárunni látinn

HARALDUR Kr. Gíslason kaupmaður í Bárunni, Grindavík, er nýlega látinn. Hann var fæddur 9. júlí 1915 að Hverfisgötu 86 í Reykjavík, sonur Gísla Kristjánssonar bátasmiðs og konu hans, Styrgerðar Jóhannsdóttur.

Hann var húsasmíðameistari að mennt, en lét af þeim starfa vegna heilsuleysis og sneri sér að verzlunarstörfum, sem hann stundaði í um 40 ára skeið og síðustu 10 ár ævi sinnar í félagi við Björn son sinn í Grindavík. Eftirlifandi kona hans er Sigríður Björnsdóttir og eiga þau fjögur uppkomin börn.



Kristján Jóhannsson tenór-söngvari

Söngtónleikar á Bolungarvík

KRISTJÁN Jóhannsson tenórsöngvari mun halda tónleika í félagsheimilinu á Bolungarvík á morgun, sunnudag kl. 4. Á efnisskrá verða erlend og innlend lög auk óperuaría.

Faðir Kristjáns, Jóhann Konráðsson, mun einnig syngja nokkra dúetta með Kristjáni.

EPLI

NÝ UPPSKERA AF RAUÐUM AMERÍSKUM EPLUM, KOMIN



Eggert Kristjánsson, h.f. Sundagörðum 4, sími 85300.